



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Reykjavík, 2. júlí 2026

VEL26060143

MINNISBLAÐ

Minnisblað vegna barna með fjölþættar stuðningsþarfir/fjölþættan vanda

Þann 19. mars 2025 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Samkomulagið varðar ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda, utan heimilis. Með tilkomu reglugerðar nr. 700/2026 um börn með fjölþættar stuðningsþarfir, sem birt var 1. júní s.l. metur velferðarsvið svo að tilefni sé til verulegra efasemda um hvort að markmið samkomulagsins séu að nást og hvort réttindi barna séu tryggð og í raun er reglugerðin brot á samkomulaginu sem gert var í mars 2025.

Samkomulagið byggir á því að ríkið taki yfir framkvæmd og fjármögnun sérhæfðrar þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda. Núverandi útfærsla, þar sem stór hluti barna fellur utan skilgreiningar ríkisins, felur í sér að sveitarfélagið stendur áfram með ábyrgð sem ætlað var að myndi flytjast yfir til ríkisins. Þá verður ekki framhjá því litið að þetta varðar afar viðkvæman hóp barna og fjölskyldna og snýr í raun að réttindum barna sem eru í brýnni þörf fyrir þjónustu, réttaröryggi og jafnræði til þjónustunnar.

Þegar skilgreiningar eru þrengdar með reglugerð með þeim hætti að börn með sambærilegan vanda njóta mismunandi aðgangs að þjónustu eftir því hvort þau falla innan eða utan skilgreiningar, skapast hættu á að farið verði á svig við jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar. Þá getur einnig vaknað spurning um hvort framkvæmdin samræmist markmiðum barnaverndarlöggjafar um að tryggja börnum viðeigandi þjónustu miðað við þarfir þeirra.

Af gögnum velferðarsviðs er ljóst að umfang þessa málaflokks er bæði verulegt og fjölbreytt. Töluverður fjöldi barna sem falla átti undir skilgreiningu fyrrgreinds samkomulags og gengið var út frá að myndu gera það áfram, virðast ekki gera það skv. skilgreiningu hópsins í reglugerðinni.

Um er að ræða:

- **6 börn** eru í hvíldardvölum (hlutavistun) í sértækum og einkareknum stuðningsúrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og miðstöðva. Áætlaður kostnaður vegna barnanna um 273 m.kr. árið 2026i. Áætlað jöfnunarsjóðsframlag árið 2026 er um 90,6 m.kr. og því er áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar árið 2026 er um **182,4 m.kr.** Unnt væri að rökstyðja vistun barnanna utan heimilis að fullu í sérhæfðu vistunar-úrræði, en það eru taldir brýnir hagsmunir barnanna að vera áfram hjá fjölskyldum sínum og alast upp á heimilum sínum, sem hefur tekist með markvissum og yfirgripsmiklum stuðningi.



Reykjavík



- **6 börn** til viðbótar eru í varanlegu fóstri á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem eru með mjög miklar umönnunarþarfir og fjölþættan vanda, en þar sem hið „sérhæfða vistunarúrræði“ er fóstur skv. 65. gr. barnaverndarlaga, uppfylla þau ekki skilyrði hinnar nýju reglugerðar að teljast vera með fjölþættar stuðningsþarfir. Áætlaður kostnaður vegna barnanna er um **125 m.kr** á ársgrundvelli.
- **4 börn búa** á heimili fyrir börn sem rekið er af velferðarsviði og falla þau ekki að skilgreiningunni á sama tíma og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna breytast. Áætlaður kostnaður eftir að búið er að taka tillit til Jöfnunarsjóðsframlags er um **400 m.kr** á árinu 2026.
- **41 barn** fær í dag þjónustu í sértæku stuðningsúrræði borgarinnar (SkaHm), en biðlisti er í úrræðið. Öll börnin eru annað hvort í þjónustu hjá miðstöðvum borgarinnar eða er hjá Barnavernd Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður er um **291 m.kr.** á árinu 2026.

Rétt er að áréttu að aðeins **5 börn** hafa verið samþykkt til greiðslu af hálfu ríkisins eftir langt og strangt samningaferli. Þau börn eru öll í þjónustu hjá Barnavernd Reykjavíkur. Áætlaðar greiðslur ríkisins vegna þeirra eru u.þ.b. 794 m.kr. á þessu ári.

Með vísan til alls framangreinds er ljóst að hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna barna með fjölþættar stuðningsþarfir sem njóta þjónustu hjá miðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur er langt frá því sem búist var við þegar títtnefnt samkomulag var undirritað í mars 2025. Verði ekkert að gert mun Reykjavíkurborg frá og með árinu 2026 bera að minnsta kosti 1 milljarð árlega í kostnað vegna barna með fjölþættan vanda sem ætti samkvæmt samkomulaginu að falla undir ríkið.

Framkvæmd ríkisins felur því í sér brot á samkomulaginu og skapar bæði rekstrarlega og faglega óvissu. Skilgreiningin á hópnum hefur verið þrengd með þeim hætti að stór hluti barna sem augljóslega býr við fjölþættan vanda fellur utan ábyrgðar ríkisins. Þetta skapar augljósa hættu á þjónustubili þar sem börn sem ekki uppfylla þrönga skilgreiningu hinnar nýju reglugerðar falla hvorki undir þjónustu ríkis né fá fullnægjandi stuðning sveitarfélags, enda hafa sveitarfélögin sjaldnast bolmagn til að veita slíka þjónustu eitt og sér. Einnig er ljóst að börnin með mestu þjónustuþarfirnar verða áfram á ábyrgð sveitarfélaganna,

Þá sýna fjárhagsleg áhrif óumdeilanlega að ábyrgð hefur í reynd ekki færst frá sveitarfélagi til ríkis, heldur stendur Reykjavík áfram undir meginhluta kostnaðar vegna barna sem búsett eru í sveitarfélaginu og eru með fjölþættan vanda. Þrenging skilgreiningarinnar leiðir til þess að ríkið greiðir fyrir afar fá tilfelli, en sveitarfélagið ber áfram kostnað af breiðum hópi. Þetta er í andstöðu við skýrt ákvæði samkomulagsins um að ríkið taki að sér fjármögnun sérhæfðrar þjónustu.

Þetta á sérstaklega við um börn sem búa heima með öflugum stuðningi, eru í hvíldardvölum/ hlutavistun, eru í fóstri eða falla undir fötlunarsjónarmið. Þessi nálgun gengur þvert gegn þeirri faglegu stefnu að styðja börn til að alast upp í heimilisumhverfi ef mögulegt er og leiðir til þess að hvatar í kerfinu færast í átt að dýrari og íþyngjandi vistunum. Þannig hefur innleiðing breytinganna ekki tekið nægilegt tillit til raunverulegrar þjónustu sem veitt er í dag. Hin nýja skilgreining tekur einvörðungu





mið af fullri vistun utan heimilis, en stór hluti þeirra barna sem um ræðir nýtur þjónustu í sveigjanlegum úrræðum og eru að hluta til búsett á heimili sínu, sem eru bæði faglega betri úrræði og samfélagslega hagkvæmari. Með því að útiloka þessa þjónustu úr fjármögnun ríkisins er verið að veikja þau úrræði sem eru í takt við meðalhóf og þjóna hagsmunum viðkomandi barna best.

Að auki er ljóst að skortur er á úrræðum á vegum ríkisins og innleiðing breytinganna hefur verið mótsagnarkennd og hefur skort lagastoð. Þetta leiðir til þess að sveitarfélög þurfa áfram að bera faglega ábyrgð, auk fjárhagslegrar ábyrgðar á þjónustu við börnin.

Niðurstaða velferðarsviðs er að:

- núverandi framkvæmd er ekki í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga.
- hætta er á að börn með alvarlegan vanda fá ekki samfellda og viðeigandi þjónustu.
- verulegur fjöldi barna í Reykjavík fellur utan skilgreininga ríkisins, þrátt fyrir augljósar fjölþættar stuðningsþarfir.
- Reykjavíkurborg ber áfram meirihluta kostnaðar sem ætti að vera á ábyrgð ríkisins.
- regluverkið skapar ranga hvata, þar sem hagkvæm og barnvæn úrræði fá ekki stuðning en vistun utan heimilis er ívilnuð.
- framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna minnka umtalsvert á grundvelli reglugerðar 1536/2025 þar sem framlög verða ákveðin á grundvelli SIS-C mats í stað þess að greitt sé á grundvelli raunkostnaðar sem hefur veruleg áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar vegna heimila fyrir börn.

Reynsla velferðarsviðs sýnir að núverandi framkvæmd og sú þróun sem orðið hefur frá undirritun samkomulagsins í mars 2025 nær ekki markmiðum um bætta þjónustu né réttláta kostnaðarskiptingu. Án leiðréttingar er hætta á að kerfið grafi undan bæði faglegum markmiðum barnaverndar og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga – með beinum áhrifum á þjónustu við viðkvæmustu börn samfélagsins.

Virðingarfyllst,
Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

- Reglugerð um málsmeðferð vegna vistunar barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins.
- Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda.

REGLUGERÐ

um málsmeðferð vegna vistunar barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins.

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um málsmeðferð vegna ákvarðana um vistun barna utan heimilis sem glíma við fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins, þ.m.t. í sérhæfð vistunarúrræði sem rekin eru af Barna- og fjölskyldustofu á grundvelli 3. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, þegar önnur viðeigandi úrræði hafa verið fullreynd.

Um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir á ábyrgð sveitarfélaga gildir reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018. Um heimili og úrræði sem barnaverndarþjónustur sveitarfélaga skulu hafa tiltæk gildir 84. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að skýra hvaða hópur barna telst vera með fjölþættar stuðningsþarfir, sbr. 3. gr., og eru í þörf fyrir vistun utan heimilis í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins, sbr. 5. gr.

Reglugerðinni er einnig ætlað að skýra málsmeðferð sem er undanfari vistunar barna í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins, þ.m.t. aðkomu sérfræðingateymis, sbr. 4. gr., að slíkri ákvörðun.

Við meðferð mála samkvæmt reglugerð þessari skal ávallt hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og gæta að réttindum þess samkvæmt sáttmálum Sameinuðu þjóðanna annars vegar um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, og hins vegar sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 80/2025.

3. gr.

Barn með fjölþættar stuðningsþarfir.

Barn með fjölþættar stuðningsþarfir í skilningi reglugerðar þessarar hefur þörf fyrir langvarandi og fjölþættan stuðning, eftirfylgd og búsetu utan heimilis í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins, vegna flókinn og samsetts vanda sem er til þess fallinn að valda því að barnið stofni heilsu og þroska sínum eða annarra í hættu. Nánar tiltekið er átt við barn sem uppfyllir öll neðangreind skilyrði:

- Hefur þörf fyrir langvarandi og fjölþættan stuðning og eftirfylgd sem krefst samþættingar þjónustu.
- Glímir við flókinn og fjölþættan vanda sem er til þess fallinn að barnið stofnar velferð sinni eða öryggi annarra í hættu.
- Hefur verið metið í þörf fyrir sérhæfða þjónustu á þriðja stigi og búsetu utan heimilis. Ástæða þess er ekki alvarleg fötun, fjölfötun eða miklar hjúkrunarþarfir.
- Vandi telst flókinn og fjölþættur þegar fyrir hendi er samsettur vandi sem nær til að minnsta kosti tveggja þátta, svo sem röskunar í taugaproska, frávika í vitsmunaproska, tengslavanda sem á rætur að rekja til frumbersku, geðræns vanda eða þess að barn hafi orðið fyrir ofbeldi og vanrækslu sem hafi leitt til viðvarandi þriðja stigs þjónustu og í ákveðnum tilfellum vímuefnavanda.

- e. Önnur úrræði innan heimilis og í nærumhverfi barns hafa verið metin fullreynd. Vandinn er metinn þess eðlis að barnið getur ekki búið við hefðbundnar heimilisaðstæður.
- f. Aðkallandi þörf er á að tryggja öryggi barnsins og umhverfi þess allan sólarhringinn.
- g. Markviss stuðningur, meðferðarvinna og færniþjálfun eru til þess fallin að draga úr þjónustuþörf barns yfir tíma og unnt að stefna að aðlögun þess aftur á lögheimili, í fóstur eða í annað úrræði sem fellur undir fyrsta eða annað þjónustustig.

4. gr.

Sérfræðingateymi.

Með sérfræðingateymi í reglugerð þessari er átt við teymi sem skipað er af ráðherra samkvæmt 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Verkefni sérfræðingateymisins samkvæmt reglugerð þessari er að taka ákvörðun um það hvort barn sé með fjölþættar stuðningsþarfir og í þörf fyrir vistun í sérhæfð vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sem eru á vegum ríkisins, eða að barn sé í þörf fyrir vistun í úrræði samkvæmt lögum nr. 38/2018, sem eru á ábyrgð sveitarfélaga, enda sé það barni fyrir bestu að það búi utan heimilis fjölskyldu sinnar.

Sérfræðingateymið er sveitarfélögum til ráðgjafar vegna þjónustu og úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir sem vegna fötlunar sinnar þurfa annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra. Teymið hefur heimild til að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um heilsu og stöðu barns, þ.m.t. niðurstöður greininga og mat á þörfum þess, sem og upplýsingar um aðstæður fjölskyldu þess. Tilgangur vinnslunnar er að teymið geti lagt heildstætt mat á stöðu og þjónustuþarfir barns, sinnt ráðgjafarhlutverki sínu gagnvart sveitarfélögum og tekið ákvörðun um hvaða úrræða barnið þarfnist.

Umsýsla með teyminu er í höndum Barna- og fjölskyldustofu.

5. gr.

Sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins.

Með sérhæfðu vistunarúrræði á vegum ríkisins í reglugerð þessari er átt við sérhæfð búsetuúrræði sem Barna- og fjölskyldustofa starfrækir fyrir börn með fjölþættar stuðningsþarfir, sbr. 3. gr. Vistunarúrræðin eru starfrækt á grundvelli 3. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en um þau gilda að öðru leyti reglur XIII. kafla barnaverndarlaga, eftir því sem við á. Ef Barna- og fjölskyldustofa hefur ekki tiltækt vistunarúrræði sem stofan rekur getur vistun í sérhæft vistunarúrræði á vegum ríkisins falið í sér búsetu barns í vistunarúrræði sem sveitarfélög starfrækja, þ.m.t. á grundvelli samninga sveitarfélaga við einkaaðila, og Barna- og fjölskyldustofa greiðir fyrir á grundvelli samninga við viðkomandi sveitarfélag.

Eingöngu er heimilt að vista barn í sérhæfðu vistunarúrræði á vegum ríkisins ef úrræði og þjónusta við barn á heimili sínu eða í nærumhverfi þess er fullreynd og aðkallandi þörf er fyrir vistun utan heimilis vegna þess að það glímir við fjölþættar stuðningsþarfir. Úrræði og þjónusta við barn teljast fullreynd samkvæmt reglugerð þessari þegar:

- a. Barn og fjölskylda þess hafa notið einstaklingsbundinnar þjónustu, meðferðar og stuðnings innan heimilis og í nærumhverfi, þar á meðal úrræða á fyrsta og öðru þjónustustigi, svo sem stuðningsfjölskyldu, skammtíma vistun eða annarra sambærilegra úrræða.
- b. Úrræði skv. a-lið hafi verið reynd í nægjanlega langan tíma til að unnt sé að leggja raunhæft mat á árangur þeirra.

c. Fyrir liggur skriflegt mat sveitarfélags á því að þjónusta við barn á heimili og í nærumhverfi þess sé fullreynd og aðkallandi þörf er fyrir vistun utan heimilis í sérhæfð vistunarúrræði vegna þess að barnið glímir við fjölpættar stuðningsþarfir.

Ákvörðun um vistun barns í sérhæft vistunarúrræði á vegum ríkisins felur í sér fjárhagslega ábyrgð ríkisins á búsetu barns í viðkomandi úrræði. Meðan á vistun stendur ber sveitarfélag, þar sem barn á lögheimili, áfram ábyrgð á annarri lögbundinni þjónustu við barnið. Búseta barns í sérhæfðu úrræði á vegum ríkisins hefur þannig ekki áhrif á skyldur sveitarfélags að tryggja barni lögbundna þjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021 og eftir atvikum öðrum lögum.

II. KAFLI

Málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins.

6. gr.

Upphaf máls.

Ef sveitarfélag telur að barn, sem er með lögheimili í sveitarfélaginu, sé með fjölpættar stuðningsþarfir og að þörfum barnsins sé best mætt með vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins skal sveitarfélag óska eftir ráðgjöf sérfræðingateymisins, sbr. 2. mgr. 4. gr., með því að senda beiðni til teymisins. Í beiðninni skal koma fram að sveitarfélag telji að barnið þurfi vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins.

Beiðni skal send á því formi sem sérfræðingateymið óskar eftir. Með beiðni þurfa að fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar, þar á meðal um upplýsingar um viðhorf og afstöðu foreldra og barns, ef sveitarfélag telur að þjónusta við barn á heimili sínu og í nærumhverfi þess sé fullreynd og þörf sé á vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins. Einstaklingsbundin þjónustuáætlun (stuðningsáætlun) skal jafnframt fylgja með og/eða gildandi áætlun um meðferð máls.

7. gr.

Vinnsla máls hjá sérfræðingateymi.

Sérfræðingateymið hefur heimild til að afla og vinna með nauðsynlegar upplýsingar um heilsu og stöðu barns, þ.m.t. niðurstöður greininga og mat á þörfum þess, sem og upplýsingar um aðstæður fjölskyldu þess. Tilgangur vinnslunnar er að teymið geti lagt heildstætt mat á stöðu og þjónustuþarfir barns svo það geti tekið ákvörðun um hvort barn sé í þörf fyrir vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Hafi mál barns áður komið til meðferðar hjá sérfræðingateyminu fer málið ekki til vinnslu nema sveitarfélag eða vistunaraðili leggi fyrir teymið uppfærðar og fullnægjandi upplýsingar um að aðstæður eða stuðningsþarfir barnsins hafi breyst með þeim hætti að tilefni sé til nýrrar afgreiðslu.

Sveitarfélag tryggir þátttöku barns og foreldra í málsmeðferð hjá sérfræðingateyminu vegna vistunar barns utan heimilis í sérhæfð vistunarúrræði fyrir börn með fjölpættar stuðningsþarfir. Áður en barn er vistað í vistunarúrræði á vegum ríkisins skulu einnig liggja fyrir skýrar upplýsingar um afstöðu foreldra og barns til vistunar utan heimilis.

Ef sérfræðingateymið telur gögn ekki fullnægjandi, t.d. vegna þess að afstaða barns og foreldra er ekki skýr eða ekki er samræmi milli gildandi áætlana og efni tilvísunar, leiðbeinir sérfræðingateymið sveitarfélaginu um að leggja fram viðbótargögn eða upplýsingar. Ef umbeðnar upplýsingar berast ekki er sérfræðingateyminu heimilt að ljúka málinu án ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun sérfræðingateymis.

Eftir að sérfræðingateymið hefur aflað fullnægjandi upplýsinga um stöðu barnsins, eftir atvikum með gagnaöflun og samtölum við viðkomandi sveitarfélag, ákvarðar teymið hvort barn sé með fjölþættar stuðningsþarfir og í þörf fyrir vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins á grundvelli barnaverndarlaga eða hvort barnið þarfnist úrræða á grundvelli laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Ef niðurstaða sérfræðingateymisins er sú að barn sé með fjölþættar stuðningsþarfir og í þörf fyrir vistun í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins fer um áframhaldandi meðferð málsins skv. 9. gr. Ef niðurstaða sérfræðingateymisins er sú að barn þarfnist úrræða samkvæmt lögum um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, fer um meðferð málsins samkvæmt reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018.

Sérfræðingateymið upplýsir sveitarfélag og Barna- og fjölskyldustofu um ákvörðun sína samkvæmt þessari grein. Sveitarfélag skal upplýsa barn og foreldra þess um ákvörðun sérfræðingateymisins og leiðbeina um næstu skref.

9. gr.

Boð um vistunarúrræði og samningur um framkvæmd.

Þegar ákvörðun sérfræðingateymis liggur fyrir um að barn sé með fjölþættar stuðningsþarfir og í þörf fyrir vistun í sérhæft vistunarúrræði á vegum ríkisins tekur ríkið við ábyrgð á kostnaði vegna búsetu barnsins í úrræðinu og Barna- og fjölskyldustofa sendir viðkomandi sveitarfélagi boð um vistun.

Framkvæmd vistunar skv. 1. mgr. byggist á skriflegum samningi milli Barna- og fjölskyldustofu og viðkomandi sveitarfélags. Vistun skal ekki hefjast fyrr en samningur hefur verið gerður, nema brýna nauðsyn beri til samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Barna- og fjölskyldustofa og sveitarfélag bera sameiginlega ábyrgð á að undirbúa barn fyrir vistun og tryggja samfellu í þjónustu við upphaf og lok vistunar.

Barna- og fjölskyldustofu er heimilt að semja við sveitarfélög sem reka sín eigin vistunarúrræði fyrir börn með fjölþættar stuðningsþarfir og skal þá Barna- og fjölskyldustofa bera ábyrgð á kostnaði við úrræðin á grundvelli greiðsluáætlunar sem báðir aðilar hafa samþykkt.

10. gr.

Endurskoðun á þörf fyrir vistunarúrræði.

Vistun barns í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins skal ekki standa lengur en þörf krefur. Vistunaraðili, í samráði við sveitarfélag, skal endurmeta með reglubundnum hætti hvort þörf er fyrir vistun. Skal slíkt mat að jafnaði fara fram á þriggja mánaða fresti og oftar ef ástæður gefa tilefni til.

Á vistunartíma skal unnið markvisst að því að draga úr þjónustuþörf barnsins með markvissum stuðningi, meðferðarvinnu og færnipjálfun og stefna að aðlögun þess aftur inn á lögheimili, í fóstur eða í annað úrræði sem fellur undir fyrsta eða annað þjónustustig, eftir því sem við á.

Barna- og fjölskyldustofa eða sveitarfélag geta, að undangengnu faglegu endurmati, óskað eftir því að sérfræðingateymi endurskoði þörf barns fyrir vistun í sérhæft vistunarúrræði á vegum ríkisins. Fer um þá málsmeðferð skv. 7. og 8. gr. Meðan á endurskoðun máls stendur hjá sérfræðingateymi ber sveitarfélag ábyrgð á búsetu barns í vistunarúrræði. Ef niðurstaða sérfræðingateymisins í kjölfar endurskoðunar er sú að barnið sé með fjölþættar stuðningsþarfir skv. 3. gr. og þurfi vistun í sérhæfðu vistunarúrræði skv. 5. gr. tekur ríkið fjárhagslega ábyrgð á búsetu barnsins frá þeim tíma sem meðferð málsins hófst hjá sérfræðingateyminu.

Sá sem biður um endurskoðun skv. 4. mgr. á þörf fyrir vistunarúrræði ber ábyrgð á undirbúningi endurskoðunarinnar, aflar nauðsynlegra upplýsinga og kallar eftir stöðumati frá vistunarúrræði og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi/barnaverndarþjónustu.

11. gr.

Eftirlit með vistunarúrræðum.

Um ytra eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er í þeim vistunarúrræðum sem reglugerð þessi tiltekur fer samkvæmt lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021, þ.m.t. um kvartanir, ábendingar og tilkynningar um alvarleg óvænt atvik.

Barna- og fjölskyldustofa ber ábyrgð á innra eftirliti með vistunarúrræðum sem stofnunin starfrækir á grundvelli 3. mgr. 7. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Sveitarfélög bera ábyrgð á innra eftirliti með úrræðum sem þau starfrækja, þ.m.t. á grundvelli samninga við einkaaðila. Eftirlit samkvæmt lögum nr. 88/2021 kemur ekki í stað innra eftirlits sem stjórnvöldum er falið í öðrum lögum.

III. KAFLI

Lagastoð og gildistaka.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt b-lið 3. mgr. 7. gr., sbr. 4. mgr. 79. gr. og 5. mgr. 80. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og 3. mgr. 21. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, öðlast þegar gildi.

Hafi sérfræðingateymið metið barn í þörf fyrir þjónustu á grundvelli laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og í búsetu utan heimilis á vegum sveitarfélags, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, helst sú ráðstöfun, nema Barna- og fjölskyldustofa telji að ástæða sé til þess að sérfræðingateymið taki mál barnsins til nýrrar meðferðar. Fer þá um meðferð málsins skv. 8. gr.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 1. júní 2026.

Inga Sæland.

Ásdís Halla Bragadóttir.

Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda

1. gr.

Gildissvið.

Samkomulag þetta varðar ábyrgð á rekstri og kostnaði búsetu barna með fjölþættan vanda utan heimilis.

2. gr.

Skilgreining á þeim hópi barna sem samkomulag þetta tekur til.

Í gildandi lögum og reglum er ekki að finna skilgreiningu á þeim hópi barna sem samkomulag þetta tekur til. Almenn er viðurkennt að um er að ræða börn með mikla þjónustupörf sem hafa flókna og samsetta röskun í tauga- og vitsmunaproska og/eða tengslavanda, frá því snemma í bernsku, sem m.a. getur leitt til alvarlegra hegðunarvandkvæða og geðrænna einkenna, og í ákveðnum tilfellum vímuefnavanda. Einnig geta fallið undir skilgreininguna börn sem þurfa mikla og viðvarandi þriðja stigs þjónustu á vegum barnaverndarkerfisins vegna vanrækslu og/eða ofbeldis.

3. gr.

Ábyrgð á þjónustu.

Ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimils, og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi, eigi síðar en 1. janúar 2026.

Sveitarfélög munu áfram bera ábyrgð á lögbundinni þjónustu og tryggð séu úrræði á fyrsta og öðru stigi við börn með fjölþættan vanda og hefur samkomulag þetta ekki áhrif á lögbundna þjónustu þeirra.

Breytt ábyrgðarskipting felur ekki í sér breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga né framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga heldur er það liður í að skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og styrkja fjárhag sveitarfélaga. Skýrari verkaskipting felur í sér að útgjöld sveitarfélaga lækka um 3 ma.kr. á ári.

4. gr.

Fjármögnun þjónustu á árinu 2025.

Með samkomulagi þessu skuldbindur ríkið sig til þess að auka fjárframlög til sveitarfélaga á árinu 2025 vegna kostnaðar sem fellur til við veitingu þriðja stigs þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Viðbótarfjármunum verður útteilt til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðuneyti að undangengnu mati sérfræðingateymis, sem starfrækt er á grundvelli 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Frá 1. júní 2025 mun ríkið því veita 1,7 ma. kr. aukalega til vistunar barna utan heimilis, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018, sem kemur til viðbótar því fjármagni sem þegar var búið að ráðstafa vegna barna með fjölþættan vanda í fjárlögum ársins 2025.

5. gr.

Endurskoðun laga.

Unnið verður að því að ljúka heildarendurskoðun barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sem og endurskoðun á viðeigandi ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, í því skyni að tryggja að lagaumhverfið samræmist þeirri framtíðarskipan sem samkomulag þetta grundvallast á.

6. gr.

Eftirfylgni.

Mennta- og barnamálaráðherra skipar starfshóp eigi síðar en 30. mars 2025 með að lágmarki tveimur fulltrúum frá ríki og tveimur frá sveitarfélögum til að hafa umsjón með og fylgja eftir framkvæmd þeirra verkefna sem skilgreind eru í samkomulagi þessu.

7. gr.

Fyrirvari.

Samkomulagið er gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar sem og breytingar á fjárlögum.

Reykjavík, 19. mars 2025

Fyrir hönd ríkisins

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Daði Már Kristófersson
Fjármála- og efnahagsráðherra

Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ásthildur Lóa Þórsdóttir
Mennta- og barnamálaráðherra

Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra
sveitarfélaga